



Líkamsrækt í Skutulsfirði

Á fundi bæjarráðs 5. Nóvember 2018 var lagt fram minnisblað frá sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs þar sem framtíðarhúsnæði líkamsræktar á Ísafirði var til umfjöllunar.

Bæjarráð bókaði eftirfarandi:

„Bæjarráð felur bæjarstjóra að gera þarfagreiningu fyrir líkamsræktarstöð þar sem flestir verði dregnir að borðinu. Stefnt verði að því að þarfagreiningu verði lokið fyrir áramót. Með þarfagreiningunni verður náð fram hversu stórt hús þarf að gera og mun hún nýtast inn í heildarskipulag Torfnessvæðisins.“

Bæjarstjóri fól sviðsstjóra að vinna greininguna og lítur sviðsstjóri svo á að hér sé um grunngreiningu að ræða.

Þarfagreining vegna líkamsræktar á Ísafirði

Inngangur

Þörf fyrir líkamsræktarstöð á Ísafirði er staðreynd. Eftir að Stefán Dan Óskarsson ákvað að loka stöð sinni Studio Dan, sem hann hafði rekið í nokkra áratugi, ákvað bærinn að kaupa stöðina af honum. Stöðin er hinsvegar í afskaplega óhentugu húsnæði og leigan þar mjög há og því mikilvægt að finna líkamsrækt á Ísafirði framtíðarhúsnæði.

Markmið

Megin markmið þessarar þarfagreiningar er að:

- Að varpa ljósi á þær þá aðstöðu sem þarf að vera til staðar í líkamsræktarstöð fyrir sveitarfélag eins og Ísafjarðarbæ.
- Að varpa ljósi á þær þarfir sem ólíkir hópar og hugsanlegir notendur líkamsræktarstöðvar hafa.

Framkvæmdaraðilar og samráðshópar

Bæjarstjóri fól sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs að gera grófa greiningu á því hvaða aðstaða væri nauðsynleg fyrir líkamsrækt sem þessa. Sviðsstjóri telur að hér sé einungis um fyrsta stig þarfagreiningar að ræða en gefi samt góða mynd af þörfinni. Fari hugmyndir um nýtt húsnæði fyrir líkamsræktarstöð lengra þarf að funda með öllum hagsmunaaðilum og gera nákvæma þarfagreiningu.

Öflun gagna

Sviðsstjóri tók mið af þeirri aðstöðu sem þegar er til staðar í Studio Dan og þeirra hugmynda sem fram komu við vinnu við hönnun á líkamsræktarstöð á Torfnesi. Ekki var gerð þarfagreining áður en teikningar að viðbyggingu á Torfnesi var gerð. Miðað er við þau tæki sem þegar eru til staðar í Studio Dan, það sem upp á vantar miðað við þann hóp sem núna stundar æfingar þar og hvaða rými þarf til að auka aðsókn ákveðinna hópa í stöðina. Við rýmisþörf var notast við staðla frá Arkitekt data og og Design Guidance Note fyrir Fitness and Exercise Space frá Sport England. Sviðsstjóri átti fund með framkvæmdarstjóra HSV, rekstraraðila Studio Dan, fékk gögn frá Tækniþjónustu Vestfjarðar og átti símafund við framkvæmdarstjóra World class á Íslandi.

Niðurstaða rýnis

Mikilvægt er að reyna að átta sig á þeim fjölda íbúa sem hugsanlega myndu nýta sér líkamsræktarstöðvar væri aðgengi að þeim gott. Til eru tölur um hlutfall íbúa í USA sem eiga kort í líkamsræktarstöðvum en það eru um 14% íbúa.

Á Ísafirði er mikil hefð fyrir hreyfingu en aðstaða til hreyfingar í líkamsræktarstöð hafa ekki verið sérlega góðar en verði aðstaðan góð má búast við aukningu. Á síðasta ári voru um 270 virk kort í Studio Dan eða um 10 prósent af íbúafjölda Ísafjarðar og Hnífsdals. Daglega mæta í SD 80-120 mans og hefur mætinga farið upp í tæplega 200 manns á einum degi. Á hverjum tíma eru þó aldrei fleiri en um 50 manns í stöðinni í einu.

Í samtali við framkvæmdarstjóra World class á Íslandi kom fram að kortaeigendur á höfuðborgarsvæðinu eru á milli 25-30% af íbúafjölda, korthafar hjá World class eru 12% af íbúafjölda höfuðborgarsvæðisins. Hann telur að þetta sé mjög sambærilegt á Akureyri en þar eiga um 20% íbúa kort í World class en að auki eru þar reknar aðrar stöðvar líkt og á höfuðborgarsvæðinu. Á Selfossi rekur World class einu stöðina í bænum og þar er hlutfall eigenda korta rúmlega 30% eða um 37%, fram kom í samtali við framkvæmdarstjóran að íbúar í sveitum og nærliggjandi þorpum sæki stöðina á Selfossi. Þar eru 3000 korthafar og æfingasvæðið sem stöðin er í er 800 fermetrar en búningssklefar eru samnýttir sundlaug Selfoss. Stöðin hefur sprengt utan af sér húsnæðið og stendur til að byggja við það. Framkvæmdarstjóri World class þekkir ágætlega til á Ísafirði og telur að stærð stöðvarinnar á Selfossi væri það sem Ísfirðingar ættu að miða við.

Mikilvægt er að horfa til þess að íbúum fjölgi á svæðinu og hlutfall þeirra sem sækja líkamsræktarstöðvar hækki með betra aðgengi.

Hér er varpað fram grófri töflu um mögulegar fjöldatölur korthafa miðað við ákveðna forsendur:

Fjöldi íbúa	2840	3500	4000	4500	5000
Korthafar miðað við 10% af íbúafjölda	284	350	400	450	500
Korthafar miðað við 14% af íbúafjölda	398	490	560	630	700
Korthafar miðað við 20% af íbúafjölda	568	700	800	900	1000
Korthafar miðað við 25% af íbúafjölda	710	875	1000	1125	1250
Korthafar miðað við 30% af íbúafjölda	852	1050	1200	1350	1500

Stór æfingatæki sem til eru í SD eru 31 talsins auk lausra stanga og lóða sem þurfa pláss. Þá þarf að gera ráð fyrir sölum fyrir spinning og hópþjálfun. Mikilvægt er að koma betur til móts við eldra fólk og fatlaða og þyrfti að fjölga tækjum um 14-20 svo hægt væri að sinna þessum hópum með sóma. Þá þarf að huga að rými fyrir ólympískar lyftingar og svæði fyrir þjálfun með eigin líkamsþyngd, teygjur, bolta, bönd og svo framvegis, að er það rými sem íþróttafólk

kallar mest eftir. Hér er horft til almennrar íbúa, íþróttamanna, eldra fólks, fólks með fatlanir, ungmenni og fólks í áframhaldandi endurhæfing.

Sjúkraþjálfarar hafa sýnt áhuga á að vera í sama húsi og líkamsræktarstöð og gætu þeir samnýtt svæðið. Gott væri að hafa rými fyrir nuddara. Þetta þarf hinsvegar að skoða betur á næsta stigi.

Hér er miðað við rými fyrir 50 tæki. Arkitekt data miðar við 4,5- 6 fermetrar á tæki og Sport England um 5 fermetra. Ef miðað er við 5 fermetra fyrir hvert tæki þarf 250 fermetra rými fyrir 50 tæki.

Niðurstaða

- Aðgengi þarf að vera fyrir alla og því mikilvægt að lyfta sé í húsinu sé það ekki á jarðhæð
- Salur fyrir æfinga/lyftingatæki 250-400 fermetrar.
- Tveir 60-100 fermetra lokaðir salir fyrir hóptíma, helst annar sem hægt er að kynda vel upp (2-3 fermetrar fyrir hvern iðkanda).
- Svæði til að teygja á og gera léttar æfingar 30-50 fermetrar (2 fermetrar fyrir hvern iðkanda).
- Svæði fyrir ólympískar lyftingar 30-50 fermetrar (3 fermetrar fyrir hvern iðkanda).
- Búnings- og baðklefar, 150 fermetrar
- Salerni, fjöldi samkvæmt byggingareglugerð, 40 fermetrar.
- Vaktrými/afgreiðslu, 6-10 fermetrar.
- Herbergi fyrir þjálfara og nuddara 3-4 herbergi, 5-6 fermetrar hvert.
- Rými þar sem hægt er að setjast niður og jafnvel næra sig, 10-30 fermetrar.
- Kostur ef möguleiki væri á sauna, heitum potti og köldu kerri.

Lokaorð

Ljóst er að þörf er til staðar fyrir nýja aðstöðu líkamsræktarstöðvar og þarf rýmið með því sem hér er upptalið að vera um 660-840 fermetra rými. Ef tekið er mið af samtali við framkvæmdarstjóra World class á Íslandi á stöð með um 800 fermetra rými að rúma vel allt að 2000 iðkenndur.

MH